

Lífeyrissjóðir: Metaukning eigna í desember



mánuði hverjum. Á síðasta ári jukust eignir sjóðanna í það heila um 294 ma.kr og er það mun meiri aukning en árið 2011 þegar eignirnar jukust um 187 ma. kr. og árið 2010 þegar aukningin nam 123 mö.kr.

Hrein eign sjóðanna til greiðslu lífeyris nam í lok síðasta árs sl. 2.390 mö.kr., eða sem nemur 140% af áætlaðri vergri landsframleiðslu síðasta árs. Hrein eign sjóðanna jókst um 14% á síðasta ári en að teknu tilliti til verðbólgu er raunaukningin 9,4%. Raunávöxtun eigna þeirra hefur þó verið öllu lakari enda nema iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga mun hærri fjárhæð en greiðslur til lífeyrisþega og úttektir séreignarsparnaðar. Þó er ljóst að raunávöxtun eigna lífeyrissjóðanna í fyrra var talsvert myndarlegri en árið 2011 þegar hún nam 2,5%. Verður árið 2012 að mati okkar fyrsta árið síðan 2006 sem raunávöxtun lífeyrissjóða fer að jafnaði yfir 3,5% tryggingafræðilegt viðmið þeirra, og horfur eru reyndar á að raunávöxtunin reynist talsvert yfir því viðmiði að meðaltali.

Mikil aukning á erlendum eignum

Veruleg aukning varð á erlendum eignum sjóðanna í desember og jukust þær um 15 ma. kr., en til samanburðar jukust þær um 3 ma. kr. í nóvember sl. Erlendar eignir sjóðanna námu í lok síðasta árs 547 ma.kr. eða sem nemur 23% af heildareignum sjóðanna. Þessi aukning í erlendum eignum er tilkomin vegna samspils hækkunar hlutabréfaverðs á erlendum mörkuðum í mánuðinum og veikingar krónunnar. Staða sjóðanna í erlendum hlutabréfasjóðum jókst þannig um 11,2 ma.kr. í desember. Víðast hvar hækkuðu hlutabréf í verði þann mánuð, og nam hækkunin allt að 9% á helstu hlutabréfavísitölum í Asíu en á helstu vísitölum í Evrópu nam hækkunin allt að 5%. Þá veiktist krónan um tæp 4% í desember sl. gagnvart helstu gjaldmiðlum en veiking krónunnar eykur verðmæti erlendra eigna í krónum talið.

Innlendar eignir sjóðanna jukust um 10 ma.kr., og námu innlendar eignir þeirra 1.701 ma.kr. í lok síðasta árs, eða sem nemur 71% af heildareignum sjóðanna. Eignir sjóðanna í innlendum skuldabréfum og verðbréfasjóðum jukust um 7 ma.kr. í desember og nemur sú eign sjóðanna nú 1.339 mö.kr., eða sem nemur 56% af heildareignum sjóðanna. Eign sjóðanna í innlendum hlutabréfum og hlutabréfasjóðum jókst um 2,6 ma.kr. og nam sú eign sjóðanna nú í lok ársins sl. samtals 187,2 mö.kr., eða sem nemur 7,8% af heildareignum þeirra. Eign sjóðanna í sjóðum og bankainnistæðum nam í lok síðasta árs 168 mö.kr og jókst um 11,2 ma. frá fyrri mánuði. Laust fé sjóðanna nemur því nú um 7% af heildareignum sjóðanna.

Lífeyrissjóðirnir kláruðu árið 2012 með trompi en í síðasta mánuði ársins jukust eignir lífeyrissjóðanna um 53,2 ma.kr. Er það mesta aukning sem varð í einum mánuði á árinu og reyndar mesta aukning sem orðið hefur í eignum sjóðanna í rúmlega tvö ár. Á síðasta ári jukust eignirnar um að meðaltali 24,5 ma.kr. í



